

D ó m s o r ð:

Stefndi, Óskar Árnason, greiði stefnanda, Vörkaupum hf., kr. 94.744,05 með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.123,00 frá 1. mars 1985 til 1. apríl 1985, en af kr. 94.744,05 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987.

Nr. 296/1987. **Samband íslenskra samvinnufélaga**

gegn

Jóni Steinari Gunnlaugssyni

Kærumál. Lögmansþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 16. október 1987 kært til Hæstaréttar með heimild í 8. gr. 4. mgr. laga nr. 61/1942 úrskurð stjórnar lögmannafélags Íslands 7. október sl. um endurgjald fyrir málflutningsstarf varnaraðila fyrir sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess í kröfugerð 9. nóvember, sem fram kom eftir ábendingu Hæstaréttar skv. 30. gr. laga nr. 75/1973, að þóknunin verði 100.000,00 krónur. Að kærumálskostnaði er ekki vikið.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í 2. gr. 2. mgr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir: „Hér- aðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og herra endurgjald ef mál vinnst, en ef það tapast.“ Í niðurlagi 8

gr. 1. mgr. sömu laga segir, að stjórn Lögmannafélagsins hafi úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. Í 7. gr. laganna segir, að samþykktir félagsins skuli lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

Í samþykktum fyrir Lögmannafélag Íslands, sem gerðar voru 1944 en hefur verið breytt síðan alloft, segir í 10. gr. m.a.: „Gjaldskrána gefur félagið út ... Gjaldskránni verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi.“ Í gjaldskrá þeirri, sem hér skiptir máli og tók gildi 1. júní 1987, segir m.a. það, sem nú verður rakið.

Í 1. gr. segir m.a.:

„Lögmönnum er rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín, með hliðsjón af því verki, sem í té er látið og þeim hagsmunum, sem um er fjallað.

Einnig er lögmönnum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Auk þóknunar skal viðskiptamaður greiða lögmanni allan útlagðan kostnað ...“

Í 3. gr. gjaldskrárinnar segir:

„Skrá sú, sem hér fer á eftir, er leiðbeinandi um endurgjald fyrir störf lögmanna, og má víkja frá henni til hækkunar eða lækkunar ...“

Í 5. gr. gjaldskrárinnar eru ákvæði um þóknun fyrir málflutning og er henni skipt í 5 liði, en þeim lið, sem fjallar um málflutning fyrir héraðsdómi er aftur skipt í 5 atriði. Um mál, sem ekki fer fram gagnaðflun í eftir þingfestingu, segir að grunngjald þóknunar skuli vera 4.664,00 krónur að viðbættum 10% af stefnufjárhæð allt að 1.187.070,00 krónum, 5% af næstu 2.374.690,00 krónum og 3% af því, sem umfram er.

Dómstólar hafa hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þegar þeir ákveða málskostnað, sem aðili dómsmáls er dæmdur til að greiða gagnaðila. Eftir atvikum, sem dómstólar meta, fer þó, hvort á henni er byggt að öllu leyti, og er oft frá henni vikið, einkum þegar fjárhæðir eru háar. Hér er til úrlausnar annars konar ágreiningur, þ.e. deila milli aðila og lögmanns hans. Verður að telja, að almennt sé í slíkum málum ríkari ástæða en ella fyrir dómstólana til að byggja á gjaldskránni, ef forsendur hennar eiga við.

Þegar þetta mál er virt, þykir eiga að taka tillit til þessa:

Varnaraðila var falið verkefni, sem var sérstætt að því leyti, að hann skyldi reka mál og fá í því dóm, ef úrslit í Hæstarétti í öðru máli sem hann hafði farið með fyrir annan aðila og fengið héraðsdóm í, gæfu tilefni til. Ef ekki hefði komið til sérstök ástæða, hefði því ekki verið þörf á að höfða 30. apríl sl. málið, sem hann þingfesti í umboði sóknaraðila á bæjarþingi þann dag. Sú ástæða var hætta á fyrningu eða brottfalli réttinda vegna tómlætis.

Starf lögmannsins að máli sóknaraðila hefur bersýnilega ekki tekið langan tíma, en í því hefur hann byggt á því, sem hann sjálfur hafði gert í því máli, sem fór til dóms.

Hagsmunir sóknaraðila voru geysimiklir.

Ekki var gerður samningur fyrirfram um þóknun varnaraðila, þó að sérstaklega stæði á eins og lýst hefur verið. Verður að telja, að engar viðræður hafi farið fram milli aðila kærumálsins um hana, fyrr en mál sóknaraðila á bæjarþingi hafði verið hafið, og var því eigi gætt þess ákvæðis í siðareglum lögmannna, sem til er vitnað í lok hins kærða úrskurðar.

Vegna hinna sérstöku aðstæðna í málatilbúnaðinum, er ekki unnt að leggja gjaldskrá Lögmannafélags Íslands til grundvallar þóknuninni til varnaraðila, enda hefur hann sjálfur ekki krafist nema tíunda hluta þeirrar þóknunar, sem hann kveðst hafa átt rétt á eftir gjaldskránni ef málið hefði verið flutt.

Ákveða ber þóknun varnaraðila með hliðsjón af því verki, sem í té var látið. Í því felst, að sá tími, sem varnaraðili notaði til að fjalla sérstaklega um mál sóknaraðila kemur aðallega til skoðunar að því er þetta atriði varðar. Tillit verður þó einnig að taka til þess til hækkunar, að varnaraðili var sérstaklega undir málsóknina búinn þar sem hann hafði sem fyrr segir farið með annað mál sama eðlis. Í öðru lagi ber að ákveða þóknun varnaraðila með hliðsjón af hagsmunum sóknaraðila, en dómkrafan í bæjarþingsmáli hans var 78.438.741,00 króna.

Að álitum þykir þóknunin hæfilega ákveðin 150.000,00 krónur. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðili, Samband íslenskra samvinnufélaga, greiði varnaraðila, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni,

150.000,00 krónur í málflutningsþóknun vegna bæjarþingsmálsins: Samband íslenskra samvinnufélaga gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Úrskurður:

Með bréfi, dags. 29. júlí 1987, fór sóknaraðili þess á leit við stjórn LMFÍ að hún úrskurðaði um ágreining sem upp væri kominn milli hans og varnaraðila um endurgjald fyrir málflutningsstarf.

Málsatvik.

Í samræmi við ákvæði bráðabirgðalaga nr. 55/1983 um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, síðar staðfest á Alþingi með lögum nr. 71/1984, hóf ríkissjóður innheimtu á svonefndum gengismun af útflytjendum sjávarafurða.

Ýmsir útflytjendanna töldu innheimtuna ólögmæta. Einn þeirra, fyrirtækið Útver hf., höfðaði mál á hendur ríkinu seint á árinu 1984 og krafðist endurgreiðslu á innheimtum gengismun. Dómkröfur Útvers hf. voru teknar til greina með dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 2. apríl 1986. Ríkið áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar. Sóknaraðili annaðist málflutning af hálfu Útvers hf. bæði í héraði og Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu bæjarþingsdóms í máli Útvers hf. leitaði varnaraðili f.h. ýmissa aðildarfélaganna sinna til sóknaraðila. Í fyrstu var athugaður sá möguleiki að mál varnaraðila og nokkurra annarra útflytjenda, sem einnig höfðu leitað til sóknaraðila, yrðu látin biðja þar til niðurstaða Hæstaréttar í máli Útvers hf. lægi fyrir, enda málin sams konar. Í því sambandi var talið nauðsynlegt að fá fram skuldbindingu ríkisins á því að ekki yrði beitt fyrningarvörn gegn kröfum útflytjendanna. Ríkið hafnaði hins vegar að skuldbinda sig með þessum hætti. Var þá talið rétt að leggja kröfu varnaraðila fyrir dómstóla til þess m.a. að forðast hugsanlegan missi réttinda vegna fyrningar eða tómlætis. Var sóknaraðila falið að höfða málið. Eftir að varnaraðili hafði útvegað sóknaraðila nauðsynleg gögn og upplýsingar um fjárhæð kröfunnar var mál varnaraðila gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. apríl 1987. Nam stefnukrafan kr. 78.438.741,00 auk vaxta frá 1. ágúst 1984 og málskostnaðar. Við þingfestingu voru lögð fram af hálfu varnaraðila stefnda, greinargerð og 8 önnur dómsskjöl. Þennan sama dag höfðaði sóknaraðili f.h. ýmissa annarra útflytjenda 5 dómsmál til viðbótar á hendur ríkinu. Voru mál þessi byggð á sama grunni og mál varnaraðila og námu stefnukröfur í þeim hundruðum milljóna króna auk vaxta og málskostnaðar.

Dómsmál varnaraðila var síðan í ótilgreindum fresti, þar sem rétt þótti að biða með frekari aðgerðir í því þar til dómur Hæstaréttar í máli Útvers hf. lægi fyrir. Dómur Hæstaréttar var síðan kveðinn upp hinn 10. júní sl. Var héraðsdómi hrundið og ríkið sýknað af endurkröfu Útvers hf. Með dómi Hæstaréttar lá það fyrir að úrslit væru einnig fengin í máli varnaraðila, sem því var hafið. Gerði sóknaraðili varnaraðila reikning fyrir störf sín. Reikningurinn er dagsettur 16. júní 1987 og er svohljóðandi:

„Málflutningsþóknun í bæjarþingsmálinu:

Samband ísl. samvinnufélaga gegn sjávar-
útvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h.

ríkissjóðs. Málið felld niður að gengnum
dómi Hæstaréttar í málinu nr. 175/1986.

Stefnukrafa kr. 78.438.741,00. Málflutnings-
þóknun skv. gjaldskrá LMFÍ af þeirri fjárhæð án vaxta kr. 3.361.255,00.

Hér reiknuð þóknun 10% af því kr. 336.125,00.“

Í bréfi sóknaraðila frá 29. júlí sl. til stjórnar segir m.a. svo um reikningsgerðina:

„Gerði ég þessum umbj. mínum reikning, sem fylgir hjálagður í ljósriti. Er honum þar gert að greiða aðeins 10% af þóknun reiknaðri skv. gjaldskrá LMFÍ af höfuðstól kröfunnar án vaxta fyrir fullflutt mál til héraðsdóms. Tek ég fram að vaxtakrafan í málinu nam líklega a.m.k. jafn hárrí fjárhæð og höfuðstóllinn. Er að sjálfsögðu ljóst að ég veitti með þessum hætti stórfelldan afslátt af þóknun þeirri, sem mér hefði verið rétt að taka samkvæmt gjaldskránni. Gerði ég það m.a. vegna þess að hagsmunirnir sem um var fjallað höfðu tapazt.“

Varnaraðili taldi reikning sóknaraðila of háan og synjaði um greiðslu.

Hér skal þess getið að tveir aðrir skjólstæðingar sóknaraðila vegna dómsmála á hendur ríkinu til endurgreiðslu á gengismun synjuðu einnig um greiðslu hliðstæðra reikninga. Voru reikningar vegna þessara skjólstæðinga annars vegar að fjárhæð kr. 535.570,00 og hins vegar kr. 687.651,00. Hefur ágreiningi um fjárhæð þessara reikninga sömuleiðis verið vísað til úrskurðar stjórnar.

Aðilar voru boðaðir á fund stjórnar hinn 23. sept. sl. Sóknaraðili mætti sjálfur en af hálfu varnaraðila mætti Jón Finnsson hrl.

Á fundinum var eftirfarandi m.a. bókað:

„Sættir eru reyndar en án árangurs.

Lögmaður varnaraðila lýsir því yfir að ekki sé véfengt að sóknaraðili hafi haft umboð til að höfða málið og ekki sé véfengt að varnaraðili hafi

tekið sjálfur um það ákvörðun að mál skyldi höfða og sóknaraðila falin sú málshöfðun.

Aðilar eru sammála um það að ágreiningur þeirra snúist um það eitt, hvort fjárhæð reiknings sóknaraðila sé of há vegna þeirrar vinnu, sem lögð var í málið af hálfu sóknaraðila.

Ennfremur er því lýst yfir af hálfu varnaraðila, að kröfur þeirra séu ekki á því byggðar að um ranga ráðgjöf sóknaraðila hafi verið að ræða um málshöfðunina.

Sóknaraðili lýsir því yfir að þóknun hans í samskonar máli fyrir Útver h.f. hafi verið kr. 75.000,00 í undirrétti en u.þ.b. kr. 120.000,00 í Hæstarétti.“

Kröfur aðila og rökstuðningur.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að staðfest verði fjárhæð þóknunar hans skv. reikningi kr. 336.125,00. Sem rökstuðning fyrir kröfu sinni tekur sóknaraðili m.a. eftirfarandi fram í fyrrgreindu bréfi sínu frá 29. júlí sl.:

„1. Mér hlýtur að teljast rétt að byggja þóknun mína á gjaldskrá LMFÍ.

Gat gagnaðili minn raunar fyrirfram ekki búið við öðru.

2. Fordæmi munu vera um það við úrskurði stjórnar LMFÍ, að eftir hinn skriflega hluta málflutnings og skjalaframlagningu teljist lögmaður hafa unnið til u.þ.b. 50% af þeirri málflutningsþóknun sem gjaldskrá LMFÍ kveður á um. Svona stóð á um málflutning minn fyrir SÍS, þegar málið var felld niður. Ég gerði aðeins reikning fyrir 10% af þóknun miðað við höfuðstól án vaxta eða u.þ.b. 5% af þóknun skv. gjaldskrá.

3. Mál SÍS og nokkur önnur sem eins stóð á um og höfðuð voru á sama tíma eru að líkindum með stærstu dómsmálum í fjárhæð talið sem borin hafa verið upp við íslenska dómstóla (ef ekki þau stærstu). Jafnframt var ljóst að lagaatriðin, sem þar var fjallað um, snertu grundvallaratriði sem skipta miklu máli um stjórnskipun á Íslandi í framtíðinni.

4. Öllum var ljóst að hæstaréttarmál Útvers hf var prófmál um hagsmuni SÍS og þeirra annarra fiskútflytjenda sem til mín leituðu. Lá þetta m.a. fyrir Hæstarétti. Var ljóst og óumdeilt við málflutning í því máli að dómur Útveri hf í hag myndi leiða til greiðsluskyldu ríkissjóðs á u.þ.b. 1,5 milljarði króna til þessara aðila. Forsvarsmönnum SÍS var að sjálfsögðu líka ljóst að mál Útvers hf var pófmál um hagsmuni þeirra. Er ekki ólíklegt að ástæða þess að þeir leituðu til mín hafi einmitt fyrst og fremst verið sú að ég annaðist málflutninginn í prófmálinu. Enginn vafi er á að hagsmunir SÍS hafi í reynd fengið fullnaðardóm við dómstólana (7 manna dóm í Hæstarétti).“

Af hálfu varnaraðila hafa verið lögð fram í máli þessu bréf Árna Benediktssonar framkvæmdastjóra frá 2. sept. 1987 og bréf Jóns Finns-

sonar hrl. frá 14. sept. 1987. Í bréfi lögmannsins kemur fram að bréf Árna skuli skoðast sem greinargerð af hálfu varnaraðila í málinu. Krafa varnaraðila er sú að þóknun sóknaraðila verði úrskurðuð með hliðsjón af vinnuframlagi sem metið verði í samræmi við það sem sanngjarnt má teljast miðað við íslenskar venjur. Í bréfi Árna Benediktssonar segir m.a. svo:

„Þeir listar sem sölusamtökin lögðu fram og Jón Steinar Gunnlaugsson byggir kröfu sína um málflutningslaun á, sýna þær fjárhæðir, sem hvert fyrirtæki greiddi í gengismun. Þau fyrirtæki sem jafnframt eiga útgerðir hafa fengið greitt til baka af þessu fé, í sumum tilfellum allt sem af þeim hafði verið tekið og stundum meira. Varla er hægt að ætla að Hæstiréttur dæmi að þau fyrirtæki sem þegar hafa fengið endurgreiðslu ættu rétt á allri þeirri fjárhæð sem í upphafi hafði verið tekin í gengismun. Hitt er líklegra að frá yrði dregin sú fjárhæð sem fyrirtækið hefur þegar fengið í hendur. Sú krafa sem endanlega hefði verið gerð, að föllnum Hæstaréttardómi, hefði því ef til vill aðeins numið broti af upphaflegum gengismuni.

Það er nauðsynlegt að það komi skýrt fram að fulltrúar sex hagsmunasamtaka í sjávarútvegi stóðu saman að því að óska eftir þeirri þjónustu sem hér um ræðir, en ekki Samband ísl. samvinnufélaga eitt og sér. Verkið var unnið sameiginlega fyrir þá alla samkvæmt sameiginlegri ákvörðun á sameiginlegum fundi með Jóni Steinari Gunnlaugssyni. Það verk sem um var beðið var að sjá til þess að hugsanlegur réttur framleiðenda sjávarafurða glataðist ekki á meðan beðið var eftir að dómur í máli Útvers hf. gengi í Hæstarétti. Hver sá réttur kynni að vera í fjárhæðum eða öðru gat enginn vitað fyrr en dómur hefði fallið.

Þegar Jóni Steinari Gunnlaugssyni var falið að sjá til þess að sá réttur sem fiskframleiðendur kynnu að eiga í þessu máli glataðist ekki, gerði hann enga grein fyrir þeirri þóknun sem hann kynni að taka. Full ástæða hefði þó verið til þess, þar sem vafalítið er um að ræða hærri fjárhæðir en menn eiga að venjast. Jón Steinar Gunnlaugsson gerir kröfu um þóknun sem nemur 10% af taxta LMFÍ, sem hann telur eðlilegt að miða við. Það virðist greinilegt að hæpið er að miða við taxta lögmannafélagsins í þessu tilfelli og er afskaplega hæpið að reikningur, sem nemur 10% af þeim taxta, byggji á honum. Þá væri nákvæmlega hægt að miða við eitthvert annað hlutfall af þeim taxta, t.d. 1%, og segja að það byggðist á taxta lögmannafélagsins.

Allir þeir sem ákváðu að fela Jóni Steinari Gunnlaugssyni það verkefni sem um ræðir eru vanir að fást við alhliða viðskipti frá degi til dags og þekkja vel hvað eðlilegt er talið að greiða fyrir þjónustu í íslensku þjóðfélagi, þar á meðal lögfræðilega ráðgjöf. Enginn þeirra sá ástæðu til að ætla að greiðsla fyrir þetta verk yrði utan reynsluheims þeirra. Þeir voru því með öllu grandalausir og óviðbúnir þeirri fjárhæð, sem nú hefur verið krafist fyrir verkið.“

Í bréfi Jóns Finnssonar hrl. segir m.a. svo:

„Þóknun lögmanns virðist fremur eiga að taka mið af ráðgjöf en innheimtutaxta og væri nær lagi að miða við jafnmarga tugi þúsunda og lögmaðurinn telur í hundruðum.“

Stjórninni barst annað bréf frá sóknaraðila, dags. 22. sept. 1987, þar sem segir m.a.:

„4. Mótaðilar mínir virðast telja að málshöfðanirnar hafi kostað litla vinnu hjá mér og vilja að þóknun mín verði miðuð við þann tíma sem fór til verksins. Þessum sjónarmiðum mótmæli ég alfarið og bendi á að gjaldskrá LMFÍ er með beinni lagaheimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 miðuð við þá hagsmuni sem mál fjallar um. Er þetta í samræmi við þann hátt sem þekkist víða um lönd varðandi störf lögmanna. Hitt lýsti svo ákveðnu hugarfari mótparta minna að lýsa þeim skoðunum sínum að þeir eigi að geta fengið hjá mér aðgang að geysimiklu lögfræðistarfi (í máli Útvers hf.) án þess að borga fyrir það.“

5. Í greinargerðum gagnaðilanna er gefið í skyn að hagsmunirnir sem um var deilt hafi numið lægri fjárhæðum en stefnukröfurnar í málunum, þar sem eitthvað af gengismunarfénu hafi gengið til fyrirtækjanna aftur fyrir tilstuðlan þess millifærslukerfis sem komið var á fót. Þetta er misskilningur. Í dómsmálunum voru kröfur gerðar um endurgreiðslu á ofteknum skatti en ekki um skaðabætur fyrir tjón vegna laganna um gengismuninn. Það er því óviðkomandi endurgreiðslukröfunni hvernig gengismunarfénu var ráðstafað. Um þetta vísa ég til hrd. 1985, 1544 (eink. bl. 1545). Þar fyrir utan kannast ég ekki við að hafa fengið upplýsingar frá samtökunum sex um að þau vildu að stefnukröfur yrðu lækkaðar af þessum sökum.

6. Það er rétt sem fram kemur hjá gagnaðilum mínum að ekki var fyrirfram fjallað um eða gerður sérstakur samningur um þóknun mína. Taldi ég það tilheyra reynsluheimi hinna þrautreyndu viðskiptajöfra sem ég átti viðskipti við, að lögmenn störfuðu eftir gjaldskrá LMFÍ þar sem miðað væri við verðmæti hagsmuna. Enginn vafi er á í þessu máli, eins og öðrum að gjaldskrá LMFÍ þjónar þeim tilgangi að vera samningsheimild um gjaldtöku fyrir málflutningsstörf, þegar ekki er samið fyrirfram.

7. Á einum stað í greinargerðunum er vísað til 10. gr. í Codex ethicus. Þessi grein verður aldrei skilin þeim skilningi að lögmaður eigi að eigin frumkvæði að gera skjólstæðingi viðvart um að hann starfi eftir gjaldskránni.“

Við fyrirtöku ágreiningsmáls þessa hinn 30. sept. sl. var svofelld bókun gerð:

„Framkvæmdastjóri upplýsir að hann hafi í morgun rætt við sóknaraðila í síma. Hafi sóknaraðili tekið fram að hann treysti sér ekki til að gefa upplýsingar um hversu mikill tími fór í beina vinnu við mál varnaraðila. Hann hafi ekki skráð tímafjöldann hjá sér.“ Sóknaraðili hefur staðfest þau ummæli, sem eftir honum eru höfð í bókun þessari.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag.

Álit stjórnar LMFÍ.

Gjaldskrá (áður lágmarksgjaldskrá) LMFÍ á sér í meginatriðum langa sögu. Um hana eru ákvæði í samþykktum félagsins sem staðfest eru af dómsmálaráðherra, sbr. 7. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Fjöl margar greinar gjaldskrárinnar kveða á um þóknun til lögmanns í samræmi við þá hagsmuni sem við er fengist hverju sinni. Á þessum sjónarmiðum byggist m.a. sú grein gjaldskrárinnar sem fjallar um þóknun fyrir málflyttingsstörf, þ.e. þeim mun hærri fjárhagslegir hagsmunir í dómsmáli þeim mun hærri málflyttingsþóknun, þó þannig að þóknun lækkar hlutfallslega eftir því sem fjárhæð hagsmuna er hærri. Þetta hagsmunamat á sér stoð í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942, þar sem segir:

„Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og herra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.“

Gjaldskrá hefur það hlutverk að vera grundvöllur fyrir gjaldtöku lögmanns vegna einstakra starfa hans, enda er það skoðun stjórnar að taki lögmaður að sér verkefni skv. beiðni hafi viðkomandi skjólstaðingur jafnframt skuldbundið sig til að greiða lögmanni sínum þóknun skv. gjaldskránni, teljist slík þóknun hæfileg í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942.

Í samræmi við framangreint er það álit stjórnar að það sé ótvíráð meginregla að lögmanni sé heimilt að reikna þóknun sína fyrir lögmannsstörf skv. gjaldskrá LMFÍ. Hefur þessi skilningur margoft verið staðfestur af dómstólum. Gjaldskráin er að vísu viðmiðunargjaldskrá þannig að frá henni má eftir atvikum víkja bæði til lækkunar og hækkunar. Standi ekki sérstaklega á yrðu viðmiðunartölur gjaldskrárinnar þó yfirleitt lagðar til grundvallar.

Í máli því sem hér um ræðir er ágreiningslaust að sóknaraðili innti af hendi málflyttingsstörf í þágu varnaraðila. Það, sem um er deilt, er fjárhæð endurgjalds fyrir störf. Í dómsmáli varnaraðila voru af hans hálfu lögð fram stefna og greinargerð ásamt nokkrum fleiri dómsskjölum. Var málinu síðan frestað ótiltekið meðan beðið var eftir niðurstöðu Hæstaréttar í efnislega hliðstæðu máli. Var mál varnaraðila síðan hafið er úrslit hæstaréttarmálsins lágu fyrir. Undir þessum kringumstæðum hefur stjórn LMFÍ áður úrskurðað að vinnuframlag lögmanns ætti að metast sem ákveðið hlutfall af fullfluttu máli. Hefur þetta hlutfall þá oftast verið ákveðið nálægt 50% og ákvæði 1. tl. b) 5. gr. í gjaldskrá síðan lögð þóknun til grundvallar. Í samræmi við slíkan útreikning er ljóst að reiknað endurgjald sóknaraðila er venjulega lægra en viðmiðunartölur gjaldskrár kveða á um. Gildir hér einu þótt tekið sé mið af 1. tl. a) 5. gr. gjaldskrár, svo sem gert var í dómi Hæstaréttar frá 21. mars 1986 í málinu nr. 166/1984.

Kemur nú til skoðunar, hvort hið reiknaða endurgjald sóknaraðila, kr. 336.125,00, teljist hæfilegt. Þegar virt er starf sóknaraðila og ábyrgð, fjárhagslegir hagsmunir varnaraðila og önnur atvik, svo sem veruleg lækkun frá viðmiðunartölum gjaldskrár, er það álit stjórnar að reiknuð þóknun sóknaraðila sé innan hæfilegra marka. Er reikningur sóknaraðila því staðfestur.

Auk þess, sem áður hefur verið vikið að, tekur stjórnin eftirfarandi fram um þessa niðurstöðu:

Það er skoðun stjórnar að fjárhagslegir hagsmunir varnaraðila í dómsmáli hans hafi numið stefnufjárhæðum málsins.

Þegar varnaraðili óskaði upphaflega athugunar á máli sínu hafði sóknaraðili aflað sér ákveðinnar reynslu og þekkingar með störfum sínum í samskonar máli í þágu Útvers hf. Þessi staðreynd kann að hafa leitt til þess að vinnuframlag sóknaraðila í máli varnaraðila hafi numið færri tímaeiningum en ef leitað hefði verið til lögmanns sem þurft hefði að kanna og vinna málið frá grunni. Að mati stjórnar á tímasparnaður að þessu leyti ekki að hafa það í för með sér að varnaraðili þurfi af þessum sökum að greiða lægri þóknun en hann hefði ella þurft að gera.

Það athugist að stjórnin telur það til góðra lögmannshátta að gera skjólstæðingi fyrirfram grein fyrir áætluðum verkkostnaði þannig að skjólstæðingur viti nokkurn veginn hvað honum beri að greiða, sbr. t.d. ákvæði 10. gr. í Codex Ethicus fyrir LMFÍ, en í greinargerð fyrir þessari grein síðareglanna segir m.a. svo:

„Er sett til verndar og hagsbóta fyrir skjólstæðinga lögmanna, en nokkuð hefur á því borið, að lögmenn vanræktu að gera skjólstæðingum fyrirfram grein fyrir áætluðum málskostnaði, sem skjólstæðingum hefur eftir á þótt úr öllu hófi og orðið tilefni misskilnings, kæru- og klögumála.“

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Staðfestur er reikningur sóknaraðila til varnaraðila frá 16. júní 1987 að fjárhæð kr. 336.125,00 fyrir flutning bæjarþingsmáls varnaraðila gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.